



SKÓLANEFND BLÁSKÓGABYGGÐAR

54. fundur skólanefndar Bláskógabyggðar

Mánudagur 23. jan. 2017

Laugarvatn

Mættir: Bryndís Böðvarsdóttir formaður, Valgerður Sævarsdóttir varaformarður, Axel Sæland ritari, Regína Rósa Harðardóttir leikskólastjóri Álfaborgar, Elfa Birkisdóttir skólastjóri Bláskógaskóla Laugarvatni, Karl Hallgrímsson fulltrúi kennara Bláskógaskóla Reykholti, Herdís Friðriksdóttir fulltrúi foreldra Bláskógaskóli Reykholti, Guðbjörg Þóra Jónsdóttir fulltrúi kennara Bláskógaskóla Laugarvatni.

Forfallaðir: Sólrún Lilja Ragnarsdóttir fulltrúi foreldra leikskólans Álfaborgar, Guðbjörg Gunnarsdóttir fulltrúi starfsmanna leikskólans Álfaborgar, Þóra Þöll Tryggvadóttir fulltrúi foreldra leikskólabarna Bláskógaskóla Laugarvatni, Sólveig Björg Aðalsteinsdóttir fulltrúi starfsmanna leikskóladeildar Bláskógaskóla Laugarvatni.

KL 17.00 – 18.30

Leik- og grunnskóli (opinn fundur)

1. **Kynning á lestrarstefnu leik- og grunnskólanna**

Leikskólinn Álfaborg, Bláskógaskóli Reykholti og Bláskógaskóli Laugarvatni leik- og grunnskóladeild kynntu í sameiningu lestrarstefnu skólanna. Síðustu mánuði hafa allir skólarnir í Bláskógabyggð unnið að sameiginlegri lestrarstefnu sem miðar að því að efla lestur barna í Bláskógabyggð. Auk lestrarstefnunnar voru unnin sérstök kynningarrit fyrir leikskólastig, yngsta stig, miðstig og elsta stig sem eru aðgengileg í skólunum. Fundurinn var vel auglýstur og opinn öllum. Formaður setti fundinn og bauð alla velkomna og síðan skiptust skólastjórnendur og kennarar á að kynna stefnuna. Að henni lokinni átti sér stað góð umræða um lestrarstefnuna og um lestur almennt. Rúmlega 20 manns mættu á kynninguna. Inn á heimasíðu bláskógaskóla má svo finna stefnuna í heild sinni <http://blaskogaskoli.is/> neðst hægramegin á síðunni.

Axel Sæland ritaði fundargerð